


AÐ ÞEKKJA RÉTTINDI SÍN

INNLEIÐING BARNASÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í
LAUGARNESSKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2018-2019



LOKASKÝRSLA VEGNA STYRKS SPROTASJÓÐS

Kristinn Svavarsson aðstoðarskólastjóri

EFNISYFIRLIT

Að þekkjá réttindi sín- þróunarverkefni í Laugarnesskóla skólaárið 2018-2019.....	4
Ábyrgðarskóli verkefnisins	4
Umfang.....	4
Verkefnisstjóri.....	4
Samstarfsaðilar	4
Um verkefnið.....	5
Skilgreindir verkþættir	6
Áætlaður Afrakstur verkefnis	7
Miðlun afrakstri verkefnisins.....	7
Framkvæmd.....	9
Barnasáttmálinn sýnilegur í skólanum (skólanámskrá)	9
Endurskoðaðar Kennsluáætlanir	9
Bekkjarsáttmálar.....	10
Barnaþing	10
Handrit kennarans	12
Dagskrá Barnaþings:	13
Umræðupunktur	15
Niðurstöður barnaþingsins	19
Allir eru einstakir.....	22
Áskorun dagsins	22
Að lifa í sátt og samlyndi við sjálfan sig og náttúruna.....	22
Árangur verkefnisins	24

AÐ ÞEKKJA RÉTTINDI SÍN- ÞRÓUNARVERKEFNI Í LAUGARNESSKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

ÁBYRGÐARSKÓLI VERKEFNISINS

Laugarnesskóli

Kennitala

530269-7609

Heimilisfang

Kirkjuteigur 24

Póstnúmer: 105

Netfang: laugarnesskoli@rvskolar.is

Sími: 4117444

Skólastjóri: Sigríður Heiða Bragadóttir

UMFANG

Upphafsdagur: 23.07.2018

Lokadagur: 07.06.2019

VERKEFNISSTJÓRI

Nafn: María Guðmundsdóttir

Starfsheiti: Deildarstjóri

Sími: 4117422

Netfang: Maria.gudmundsdottir@rvskolar.is

SAMSTARFSADILAR

UNICEF á Íslandi, Umboðsmaður barna

Tengiliður: Nílsína Larsen Einarsdóttir

Netfang: nilla@unicef.is

MARKMIÐ

Á skólaáriinu 2017-2018 var Laugarnesskóli einn þriggja skóla á landinu sem tók þátt í verkefni UNICEF á

Íslandi um Réttindaskóla. Í verkefninu "Að þekkja réttindin sín" er Barnasáttmáli Sameinuð þjóðanna rauði þráðurinn og áfram var unnið að þróun réttindaskólaverkefnisins. Markmið þess er að jafnt börn og fullorðnir þekki Barnasáttmálann vel, en það er frumforsenda þess að hægt sé að vinna eftir honum. Yfirmarkmið verkefnisins var að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans hornsteinn allra ákvarðana í skólastarfinu auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Við skólann er réttindaráð sem stýrði innleiðingu réttindaskólaverkefnisins. Meðlimir ráðsins eru umsjónarmaður, skólastjóri, fulltrúi foreldra, 3 kennarar, stuðningsfulltrúi, 2 fulltrúar úr frístundastarfi og 12 nemendur úr 2.-6. bekk. Alls eru því 23 í ráðinu. Fulltrúar nemenda voru mjög áhugasamir og duglegir að koma skoðunum sínum á framfæri á fundum. Þeir tóku virkan þátt í endurskoðun á skólareglum og sameiginlegum viðmiðum um starfshætti. Allir bekkir skólans gerðu bekkjarsáttmála sem var unnið samkvæmt. Allir bekkir skoðuðu skólahúsnaði skólans með öryggi nemenda að leiðarljósi og komu með ábendingar til réttindaráðsins sem gerði áætlun til að tryggja vellíðan og öryggi þeirra.

UM VERKEFNIÐ

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru lýðræði og mannréttindi einn af grunnþáttum menntunar. Barna og ungmenna bíður þess að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi en í lýðræðislegu samfélagi taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og mótunar umhverfis síns. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni einstaklinga til að hafa áhrif á mótun samfélagsins. Það er hverju samfélagi mikilvægt að þegnar þess þekki réttindi sín og þá um leið réttindi annarra. Sú þekking er líkleg til að leiða af sér umburðarlyndi gagnvart mismunandi og oft framandi menningu, sem aftur er líkleg til að skapa friðsamara og réttlátara samfélags. Það nægir ekki að hafa lært um hvað mannréttindi og jafnrétti eru. Kunnáttan ein kemur ekki í veg fyrir þröngsýni, þekkingarleysi og fordóma. Þekkingunni þarf að fylgja hugarfar og andi gagnrýninnar hugsunar. Það merkir að hún þarf að haldast í hendur við leikni til að beita gagnrýninni hugsun í verki. Eitt meginhlutverk grunnskólans er að búa nemendur sína undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Einn mikilvægasti þátturinn í þeim undirbúningi er að þjálf samskiptahæfni og hæfni nemenda til að vinna með öðrum. Um leið og einstaklingurinn hefur til að bera þekkingu á mismunandi menningarheimum og skoðunum verður hann hæfari til þess að takast á við verkefni sem krefjast samskiptahæfni og víðsýni. Mikilvægt er að í starfsháttum skóla sé borin virðing fyrir manngildi hvers og eins sem og mannréttindum. Það að læra að þekkja réttindi sín felur í sér að þekkja réttindi annarra. Lýðræðislegt skólasamfélag byggir á samvinnu, samveru og samræðu og það viðurkennir að velferð og mannréttindi hvers og eins skipta máli og eru virt.

Verkefnið „Að þekkja réttindi sín“:

- miðaði að því að kenna nemendum um lýðræði til lýðræðis í lýðræðislegu umhverfi og gera lýðræði og jafnrétti að lífsmáta.
- var liður í því að tryggja nemendum skólans þekkingu á réttindum, skyldum og öðrum grundvallarreglum samfélagsins.
- miðaði að því að kenna nemendum til þeirrar hæfni sem nauðsynleg er til að taka þátt í skapandi lýðræðislegu samfélagi.

SKILGREINDIR VERKÞÆTTIR

Nafn verkþáttar	Tímabil verkþáttar	Markmið verkþáttar	Afurð verkþáttar	Ábyrgðaraðili
Réttindi og forréttindi	22. ágúst-20. nóvember	Efla þekkingu nemenda á réttindum barna.	Barnaþing 20. nóvember á degi mannréttinda barna. Á þinginu ræddu allir nemendur skólans réttindi barna. Allir bekkir gerðu bekkjasáttmála og skilgreindu hvaða þýðingu það hefur að vera Réttindaskóli.	María Guðmundsdóttir Aðrir starfsmenn: Sigríður Heiða Bragadóttir Dýrleif Jónsdóttir Hulda Sverrisdóttir Rúna Björg Garðarsdóttir, Kolfinna Ásgeirsdóttir
Allir eru einstakir	21. nóvember-27. febrúar	Efla sjálfmynd nemenda og virðingu fyrir margbreytileikanum	Aukin víðsýni og umburðarlyndi nemenda, réttur minn og réttur þinn. Þekking á ólíkum menningarheimum. Sjálfmynd nemenda styrkt og þeir taka aukin þátt í mótun skólasamfélagsins	María Guðmundsdóttir Aðrir starfsmenn: Sigríður Heiða Bragadóttir Dýrleif Jónsdóttir Hulda Sverrisdóttir, Rúna Björg Garðarsdóttir, Kolfinna

				Ásgeirsdóttir
Endurskoðun á kennslu- áætlunum og stefnu skólans	28. febrúar- 24. maí		Barnasáttmálinn speglast í kennsluáætlunum og stefnu skólans. Opið hús var fyrir foreldra þar sem nemendur voru með kynningu í bekkjum á vinnu sinni í tengslum við réttindaskóla- verkefnið	María Guðmundsdóttir Aðrir starfsmenn Sigríður Heiða Bragadóttir Dýrleif Jónsdóttir Hulda Sverrisdóttir Rúna Björg Garðarsdóttir Kolfinna Ásgeirsdóttir

ÁÆTLAÐUR AFRAKSTUR VERKEFNIS

Undanfarin ár hefur Laugarnesskóli lagt áherslu á vellíðan nemenda í forvarnastarfi. Liður í því starfi var að sækja um að gerast Réttindaskóli UNICEF. Rannsóknir sem gerðar hafa verið í meira en 1.600 Réttindaskólum hafa sýnt fram á jákvæð áhrif á skólastarf. Dregið hefur úr einelti og ofbeldi í skólunum, nemendum líður betur og þeir sýna meira umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika. Þeir eru virkari þátttakendur í skólastarfinu, hafa aukin áhrif á stefnumótun skóla og sjálfstraust þeirra eykst. Starfsánægja kennara hefur einnig aukist umtalsvert. Liður í vinnunni er að endurskoða allar stefnur og kennsluáætlanir skólans með Barnasáttmálann að leiðarljósi og tryggja að réttindi barna séu virt. Ávinningur nemenda og starfsmanna í Laugarnesskóla með þátttöku í verkefninu er aukin þekking barna og fullorðinna á réttindum barna. Nemendur skólans vita að hlustað er á raddir þeirra og þeir hafa lært að standa vörð um eigin réttindi jafnt sem réttindi annarra.

MÍÐLUN AFRAKSTRÍ VERKEFNISINS

- Skólinn skilar áfangaskýrslu til UNICEF á Íslandi. Fulltrúar UNICEF koma í skólann og taka út starfið og birta niðurstöður sínar á heimasíðu UNICEF á Íslandi.
- Verkefnið leiðir af sér umbætur á skólastarfi og endurskoðuð skólanámskrá og kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.
- Nemendur, foreldrar og allir starfsmenn fengu fræðslu um Barnasáttmálann og hvernig unnið er með hann í skólunum.

Vorið 2019 var opið hús fyrir foreldra þar sem nemendur kynntu vinnu sína í tengslum við Barnasáttmálann.

FRAMKVÆMD

BARNASÁTTMÁLINN SÝNILEGUR Í SKÓLANUM (SKÓLANÁMSKRÁ)

Plakat með Barnasáttmálanum voru hengd upp í öllum kennslurýmum skólans. Kennarar voru hvattir til þess að ræða þessar greinar sáttmálans við nemendur sína, og vísa í sáttmálann í kennslu og við lausn ágreiningsmála nemenda. Lögð var sérstök áhersla á eftirtalin atriði:

42. grein	Hafa Barnasáttmálann sýnilegrí í skólanum
12. grein	Leyfa börnum að segja skoðanir sínar Fræða nemendur um mannréttindi, sparnað og að setja sig í spor annarra.
2. 4. 12. og 29. grein	Nemendur geti tjáð sig á bekkjarfundum og í Hugmyndaráði, í skóla og í frístund


ENDURSKOÐAÐAR KENNSLUÁÆTLANIR

Til þess að innleiða hugmyndafræði Barnasáttmálans í allt skólastarfið voru gerðar áætlanir um endurskoðun skólanámskrárinnar og kennsluáætlana. Hér er dæmi um kennsluáætlun fyrir 1. bekk sem tekur mið af Barnasáttmálanum:

Kennsluáætlun 1. bekk- haust 2018

- Við fræðumst um barnasáttmálann og fylgjum honum í starfi. Sagt frá fjórum helstu greinum Barnasáttmálans: 2. 3. 6. og 12. grein.
- Við hugsum um réttindi barna í öllu skipulagi og spyrjum þau á lits.
- Við fræðumst um eineltishringinn og stöndum saman: Hættu – Ganga burt – Segja frá
- Við segjum frá réttindaráðinu.
- Við búum til bekkjarsáttmála.
- Börn þekkja réttindi sín. Allir hafa rétt á að segja skoðanir sínar t.d. í Hugmyndaráði, Réttindaráði, Umhverfisnefnd og á bekkjarfundum.
- Við brjótum ekki á réttindum annarra.
- Við þekkjum muninn á réttindum og forréttindum.
- Við vitum að við erum jöfn en ekki eins, allir mega vera eins og þeir eru. Fjölskyldur eru mismunandi.
- Við erum góðir vinir, við meiðum ekki, erum hjálpsöm og hugmyndarík.

BEKKJARSÁTTMÁLAR



Allir bekkir gerðu sér sáttmála um skólastarfið og samskipti.

BARNAPING

LEYFA BÖRNUM AÐ TJÁ SKOÐANIR SÍNAR

UNDIRBÚNINGUR

Í samvinnu við umboðsmann barna og UNICEF var haldið barnaping 20. nóvember. Áður en þingið var haldið fengu nemendur fræðslu um hlutverk umboðsmanns barna, réttindi barna og Barnasáttmálann. Síðan sáu ungmenni úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna um að þjálfa elstu nemendur í fundarstjórn en eldri nemendur höfðu það hlutverk að stýra umræðum í anda þjóðfundar hjá yngri nemendum. Barnaping sækir fyrirmynd sína að nokkru til jafnréttisþings og er gert ráð fyrir að á þinginu verði börn í lykilhlutverki. Í 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á virka þátttöku barna í ákvarðanatöku um öll mál sem þau varðar og að tillit sé tekið til skoðana þeirra

Laugarnesskóli, UNICEF á Íslandi, Umboðsmaður barna og Félag Sameinuðu þjóðanna ásamt fulltrúum frá Reykjavíkurborg héldu síðan fund 10. september til undirbúnings þinginu.

Niðurstöður fundarins varð gerð undirbúningsáætlun vegna barnapingsins:

Vikan fyrir 12. – 16.nóv

- Kynningar fyrir 6.bekkinga á sal (um 100 börn) frá embætti umboðsmanns barna um embættið og réttindi barna, UNICEF Barnasáttmálinn og alþjóðavinkill á réttindum barna og félagi Sameinuðu þjóðanna um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Fulltrúi frá Ungmennaráði Heimsmarkmiða með?). 40 mín hvert – 20 mín innlegg og 20 mín umræða. Skiptum erindum niður á daga í þessari viku.
- Þjálfun fyrir 6. bekkinga frá ráðgjafarhópi umboðsmanns barna og mögulega fulltrúum ungmennaráðs UNICEF um hvernig eigi að stýra umræðum.

Skólinn skipuleggur þingið sjálft sem er haldið þriðjudaginn 20.nóv. Skólinn ákveður hversu mörg börn verða í hverjum hóp, hversu margir 6.bekkingar þurfa að stýra hópum, staðsetningu hópa, tímaplan og fleira.

Nokkrir punktar frá fundinum:

Fram að þingi munu 6. bekkingar safna saman umræðupunktum frá öðrum börnum í skólanum og setja niður nokkur umræðuefni á blað. Prenta afraksturinn svo út og hafa í sínum hópum á þinginu sjálfu. Skipta þinginu upp í þrjú umræðuefni og skipta um umræðu á 15-20 mín fresti. Hugsa um mögulega afurð eða slútt á þinginu. Hvernig endum við þetta þing? Tekur einhver ráðamaður á móti upplýsingum, ætlar skólinn að nota upplýsingar frá þinginu áfram eða er þetta lærdómstækifæri og þá er gott að útskýra það aftur í lokin og þakka öllum börnum fyrir sitt framlag.

Gott að hafa fullorðinn ritara með á þinginu.

Ingunn og Lilja Marta hjá Laugarseli skoða hvernig er hægt að vinna áfram með Barnaþingið inn í frístundaheimilin. Er hægt að fara í leiki tengda Barnasáttmálanum, er hægt að skipuleggja dagskránna á einhvern hátt þar sem réttindi barna, Heimsmarkmiðin og andi þingsins smiti út í frístundaheimilin Laugarsel og Dalheima.

UNDIRBÚNINGUR Í SKÓLANUM

Mánudaginn 12.11. kl. 9:15 – 10:15: Fræðsluerindi í matsal frá Umboðsmanni barna um hlutverk umboðsmanns og réttindi barna. Stella Hallsdóttir og Salvör Nordal

Miðvikudagur 14.11. kl. 9:15 – 10:15: Fræðsluerindi í matsal frá Ungmennaráði Unicef um ungmennaráðið, Unicef og réttindi barna.

Föstudagur 16.11. kl. 9:15 – 10:15: Fræðsluerindi í matsal frá Félagi Sameinuðu þjóðanna um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Harpa Júlíusdóttir

mánudagurinn, þjálfun 6. bekkur – Sólrún og Vigdís frá ungamannaráð Umboðsmanns barna.

kl. 8:30 - 9:00	Allur árgangurinn í fræðslu í matsalnum	Sólrún og Vigdís + umsjónarkennarar
kl. 9:05	Morgunsöngur	
kl. 9:15 - 9:35	3 hópar í hlutverkaleik - 6.S x 2 og 6.Ó x 1	Sólrún og Vigdís + Inga Rut
kl. 9:35 - 9:55	3 hópar í hlutverkaleik - 6.Ó x 1 og 6.L x 2	Sólrún og Vigdís + Marta María
kl. 9:55 – 10:15	4 hópar í hlutverkaleik - 6.N x 2 og 6.K x 2	Sólrún og Vigdís + Rúna Björg og Helga

HANDRIT KENRARANS

Barnaþing í Laugarnesskóla 20. nóvember 2018

Handrit kennarans

Mánudagur 19. nóvember

1. Raðað upp í þeirri stofu sem þú átt að vera á þinginu (sjá skjal sem hangir hjá Maríu og hér: S:\SFS_LNS\Ken\UNICEF Réttindaskóli\Barnaþing).

Borðum raðað í hring eða U fyrir 13 -14 nemendur. 2 – 3 nem. í 6. bekk stýra umræðum

2. Náðu í fartölvu ef það er ekki tölva í stofunni. Skráðu þig inn í tölvuna ef þú hefur aldrei skráð þig inn í þessa tölvu áður.
3. Munið að láta vita að allir nemendur mæta í sínar bekkjarstofur á þriðjudaginn, það verður ekki sund í 1. tíma á þri.

Þriðjudagur 20. nóvember

4. Umsjónarkennarar eru allir með sínum nemendum í 1. tíma, þá þarf að:
 - a. merkja nemendur með límmiðum (nafn og bekkur)

- b. skrifa stofunúmer á höndina á þeim (sjá skjal hjá Maríu og hér: S:\SFS_LNS\Ken\UNICEF Réttindaskóli\Barnáþing)

Nemendur eru í sömu stofu bæði í fyrri og seinni umræðum.

5. Morgunsöngur
 6. Finna eyðublað fyrir fundagerð og vista, látið hana heita stofunúmeri og fyrri umræða. (Það er hér: S:\SFS_LNS\Ken\UNICEF Réttindaskóli\Barnáþing)
 7. Hlutverk kennara er BARA að rita fundagerð og skipta sér af óæskilegri hegðun ef þarf. Nemendur 6. bekkjar stýra umræðum.
 8. Þeir kennarar sem eru venjulega í kennslu kl. 10:00 - 10:30 hitta bekkinn sem þeir eru þá að kenna í heimastofu bekkjarins. Þar er nesti og spjall og nemendur koma aftur inn í bekkjarstofu eftir frímínútur.
 9. Frímínútur
 10. Umsjónarkennarar hitta sinn bekk í heimastofu eftir frímínútur og senda nemendur aftur í umræður kl. 11:00.
 11. Seinni umræða, nákvæmlega eins og fyrri umræða, muna að vista nýja fundagerð.
 12. Umræðum lýkur kl. 11:30 og þá fara 1. og 2. bekkur í mat.
 13. 3. – 6. bekkur í kennslu skv. stundaskrá en athugið að matartímum seinkar um 10 mín.
1. – 4. bekkur í frímínútur kl. 12:30 - 13:00 eins og venjulega
5. -6. bekkur í mat kl. 12:30 og frímínútur kl. 12:40 - 13:10

DAGSKRÁ BARNÁÞINGS:

Barnáþing 20. nóvember

Mánudaginn 19. nóvember eru kennarar beðnir um að raða upp í þeim stofum sem þeir eiga að vera í á Barnáþingi. Raða borðum í hring fyrir 13 nemendur og gera ráð fyrir kennara við tölvu fyrir utan hringinn. Kennarar þurfa líka að skrá sig inn í tölvuna í viðkomandi stofu.

8:30 - 9:05 Heimastofa, umsjónarkennarar undirbúa sína nemendur og skrifa stofunúmer á hönd nemenda.

9:05 - 9:15 Morgunsöngur

9:15 - 10:00 Barnáþing, fyrri umræða. Nemendur í 6. bekk stýra umræðum. Kennarar eru fundaritarar, stuðningsfulltrúar fylgja nemendum.

10:00 - 10:30 Heimastofa með þeim kennara sem ætti að kenna viðkomandi bekk skv. stundatöflu.

10:30 - 10:50 Frímínútur

11:00 - 11:30 Barnþing, seinni umræða

11:40 - 12:00 1. og 2. bekkur í mat

12:05 - 12:25 3. og 4. bekkur í mat

12:30 - 12:40/12:50 5. og 6. bekkur í mat, frímínútur kl. 12:40 - 13:10 (tíma 6 hefst kl. 13:10)

Eftir seinni umræðu er kennt skv. stundaskrá.

UMRÆÐUPUNKTAR

BARNAPING 20. NÓVEMBER 2018-FYRRI UMRÆÐA

Réttindi barna

- Af hverju eru þau mikilvæg?
- Allir fá að ganga í skóla
- Allir hafi rétt á heimili
- Allir fá aðstoð við hæfi
- Tólmstundastarf kosti minna
- Lækka verð, hafa krakkatilboð



Líðan barna

- Vinátta
- Hjálpssemi
- Tillitssemi
- Jákvæður / neikvæður

leiðtogi

- Hávaði í matsalnum

Hvernig getum við hætt einelti?

- Jákvæður / neikvæður

leiðtogi

Öryggi

- Lýsing í hverfinu
- Slysavarnir
- Hverjum á maður að treysta?

Hér að neðan er fundargerð eins hópsins í fyrri umræðu:

BARNAPING - FUNDARGERÐ

Dagsetning: 20.nóvember 2018



Fundarstjórar: Sofia Lára, Reynir og Dawid 6.L

Fundarmenn: Iðunn 4.Ó, Jakob 4.Ó, Bryndís 1.Ó, Melkorka 1. Ó, Amelía 1.Ó, Kristján Kári 3.Ó, Karitas 3.Ó, Rósmary 3.Ó

Fundarritari: Hildur Björk stofa 5

Réttindi barna

- **Af hverju eru þau mikilvæg?:** Svo það sé ekki verið að brjóta á börnum. Fá hollan og góðan mat. Eiga fjölskyldu. Eiga systkini, einhvern sem manni þykir vænt um og þykir vænt um mann.
- **Allir fá að ganga í skóla:** Það eru réttindi barna að ganga í skóla og læra að lesa og reikna. Mikilvægt að vera duglegur að sinna náminu jafnvel þó maður ætli sér að vera fótboltamaður því maður gæti skipt um skoðun og langað að verða vísindamaður.
- **Allir hafi rétt á heimili:** Mikilvægt svo manni verði ekki kalt. Annars þyrfti maður að búa á götunni. Til þess að vernda okkur, vera örugg.
- **Allir fá aðstoð við hæfi:** Gott aðgengi í skólanum fyrir alla t.d. rafmagnshurð, rampur fyrir hjólastóla, merktar stofur og rými með blindraletri.
- **Tómstundastarf kosti minna:** Já þau væru til í það svo þau gætu æft fleiri íþróttir.
- **Lækka verð, hafa krakkatilboð:** Nei ekkert endilega, það eru oftast foreldrar sem borga.

Líðan barna

- **Vinátta:** Gott að geta leitað í vinaliðaleikina, dans inni og spil þá þarf engum að leiðast.
- **Hjálpsemi og tillitsemi:** Svo maður verði ekki leiður. Mikilvægt að sýna öðrum hjálpsemi og tillitsem því þá fær maður hana oftast til baka.
- **Jákvæður / neikvæður leiðtogi:** góður leiðtogi er góður við alla og leyfir öllum að vera með. Hann hjálpar og hlustar á aðra. Hvetur aðra. Neikvæður leiðtogi skipar öðrum fyrir, hótar, stjórnar, kemur með leiðinlegar athugasemdir.
- **Hávaði í matsalnum:** Allir sammála um að það sé hávaði í matsalnum en samt eru allir að tala. Þarf að minna oft á að hafa hljóð. Hafa rólega tónlist. Við þurfum að taka tillit til allra og fara eftir því þegar það sé of mikill hávaði.

Hvernig getum við hætt einelti?

- Jákvæður / neikvæður leiðtogi
- **Einelti:** einhverjir hafa orðið varir við einelti. Mikilvægt að segja frá. Fóru aðeins yfir eineltishringinn, mikilvægt að velja sér rétt hlutverk.

Öryggi

- **Lýsing í hverfinu:** Mikilvægt að hafa endurskinsmerki eða vasaljós. Stundum er ekki kveikt á ljósastaurunum. Mikilvægt að vera sjáanlegur til að koma í veg fyrir slys.
- **Slysavarnir:** sjá hér að ofan
- **Hverjum á maður að treysta?** Öllum sem maður þekkir. Ekki treysta þeim sem reyna að plata mann með einhverjum gylliboðum t.d. sælgæti eða sætum hvolpum. Ein nefndi að það væri gott að vera með leyniorð ef einhver reynir að plata mann til að koma með sér t.d. með því að mamma hafi lent í slysi. Leyniorðið er eitthvað sem allir í fjölskyldunni vita bara.
- Sum forréttindi eru góð eins og til dæmis sími til að geta hringt í foreldra sína.

BARNAPING 20. NÓVEMBER 2018-SEINNI UMRÆÐA

Mengun

- endurnýta
- tína rusl
- hækkun sjávarmáls
- plast
- mengun eftir 5 ár, 10 ár, 20 ár?
- fleiri ruslatunnur

Matarsóun í skólum

- Hvernig getum við minnkað matarsóun?


Hreint vatn

- vatnssóun
- drekka vatn



Hér að neðan er fundargerð eins hópsins úr seinni umræðu:

BARNÆING - FUNDARGERÐ

Dagsetning: 20. nóvember 2018	
Fundarstjórar: Alex 6.K, Gunnar 6. K, Magnús 6. K	LAUGARNESSKÓLI
Fundarmenn: Tristan 4.Ó, Hrafnhildur 4.Ó, Arngrímur 2.N, Aðalheiður 2.N, Sighvatur 3.Ó, Kári 3.Ó, Tjörvi 1.Ó, Egill 1.Ó, Þorkell 1. Ó	
Fundarritari: Edda	
Hvað finnst ykkur um mengun?	
<input type="radio"/> Ekki góð	
Af hverju ekki?	
<input type="radio"/> Því hún er ekki góð fyrir mann	
<input type="radio"/> ef við mengum of mikið getur fólk dáðið, t.d. í Kína er mikil mengun	
Hvað getið þið gert til að eyða menguninni?	
<input type="radio"/> nota færri farartæki sem menga	
<input type="radio"/> hætta að nota plast	
<input type="radio"/> endurnýta	
<input type="radio"/> hjóla og ganga frekar en að nota bíl, bara nota hann í lengri ferðir	
Hvernig haldið þið að mengunin verði eftir 5, 10 eða 20 ár?	
<input type="radio"/> verri	
<input type="radio"/> um 2060 verður jörðin appelsínugul ef við höldum áfram á sömu braut	
<input type="radio"/> Bæði kostir og gallar þegar við erum komin lengra í tímann, það verða t.d. fleiri rafmagnsfarartæki sem er gott en meira af plasti sem er slæmt.	
Hvað finnst ykkur um matarsóun í skólanum og hvernig getum við minnkað hana?	
<input type="radio"/> fá sér ekki of mikið á diskinn, fá sér bara lítið og fá sér frekar aftur.	
Hvað finnst ykkur um hreint vatn?	
<input type="radio"/> gott	
<input type="radio"/> í sumum löndum þarf að kaupa vatn	
<input type="radio"/> í sumum löndum þarf fólk að ganga marga kílómetra til að komast í drykkjarvatn	

Er verið að nota of mikið vatn?

- megum passa að nota bara það vatn sem við þurfum
- á sumum stöðum lekur endalaust vatn en þá er betra að láta fólk ýta á takka og þá kemur vatn þegar við þurfum.
- slökkva á vatninu á meðan við burstum tennurnar

Þurfum við fleiri ruslafötur í hverfið?

- nei en kannski fleiri flokkunartunnur/grenndargáma
- gott að fara í göngutúr og tína rusl

Fundi slitið kl 11:30

NIÐURSTÖÐUR BARNAPINGSINS

Eins og áður hefur komið fram voru ritaðar fundargerðir í öllum umræðuhópum. Hér að neðan eru teknar saman helstu niðurstöður úr fundargerðum Barnapingsins. Svörin eru samantekt á því helsta sem fram kom á umræðufundunum:

Réttindi barna:

Af hverju eru réttindi barna mikilvæg?

Það þekkja allir barnasáttmálann.

Allir fá mat og húsnæði

Enginn meiðir mann

Allir fá að ganga í skóla og læra.

Vitið þið hvað tólmstundir eru?

Já það eru td ef maður er að æfa eitthvað eftir skóla. *Myndu þið vilja að það kostaði minna? Já.*

Hvað er að vera tillitsamur?

Að leyfa öðrum að fá tækifæri.

Hvað er að vera hjálpsamur?

Að hjálpa öðrum. Vera góður vinur. Þegar maður er ekki með vin þá líður manni ekki vel í hjartanu í frímínútum, þá förum við á vinabekkin. Ef við sjáum einhvern á vinabekknunum getum við farið og spurt hvað er að. Ef það er einhver annar á vinabekknunum þegar maður er á leiðinni þangað þá geta þeir tveir kannski farið að leika sér saman. Fjölskylda og vinir er það dýrmætasta sem maður á. Hjálpsami og samvinna mikilvæg. Sýna tillitssemi og vera jákvæður. Ekki leggja í einelti.

Matsalur:

Lausnir – spjalla rólega, ekki vera með læti, allir eiga að nota innirödd. Við tölum of mikið, ef einn byrjar að tala, fer næsti að tala aðeins hærra og þá endar á því að allir tala hátt. Við erum svo mörg í einu og þegar allir tala hátt þá myndast svo mikill hávaði.

Einelti:

Hvernig getum við komið í veg fyrir einelti?

Segja kennara strax. Sumir sem leggja í einelti líður illa það þarf að hjálpa þeim. Við erum ekki örugg í skólanum þegar verið er að leggja í einelti.

Réttindi – af hverju eru þau mikilvæg?

Maður þarf alltaf að fá hjálp, maður getur ekki verið einn eða eitthvað.

Af hverju eru gott að fá öryggi?

Ef við erum óörugg erum við í minni samskiptum við aðra og þá innlokum við okkur sjálf.

Það eru margir í heiminum sem njóta ekki réttinda. Þau eiga að fá réttindi en fá þau ekki að njóta þeirra.

Unicef er að reyna að koma í hjálpa þessum börnum.

Heimsmarkmiðin 17 – Unicef er að reyna að uppfylla þessi markmið fyrir 2030.

Haldi þið að við náum því? Vonandi.

Það eru mörg stríð í heiminum. *Hvernig getum við stöðvar stríð?*

Þeir sem stjórna þurfa að átta sig á því að þeir eru að gera það versta fyrir landið sitt. Þeir þurfa að hætta. Ekki halda áfram þar til annar deyr og allt verður í rúst. Þá átta þeir sig á því sem þeir gerðu en það er of seint.

Jákvæður og neikvæður leiðtogi:

Eru þið jákvæð?

Já, nema þegar ég er í vondu skapi þá er ég neikvæð.

Af hverju er betra að vera jákvæður?

Af því að þá getur maður öðrum meira tækifæri. Líka sjálfum sér. Það líður öllum í kringum manni betur, ef allir væru jákvæðir í hverfinu væri það betra. Ef maður eru neikvæður líður manni ekki vel í hjartanu.

Getum við hjálpað þeim sem eru neikvæðir? Sumir sem leggja í einelti líður ekki vel í hjartanu, en margir sem leggja í einelti eru líka hræddir um að þeir verði sjálfir lagðir í einelti og gera það þá í staðinn, til að koma í veg fyrir eitthvað.

Jákvæðir leiðtogar eru til að hjálpa manni. Neikvæðir hjálpa ekki. Ef það væri fleiri neikvæðir þá værum við óörugg, einelti væri algengt, okkur líður ekki vel.

Jákvæðir leiðtogar reyna sitt besta til að skilja ekki útundan, reyna að leyfa öllum að vera með.

Forréttindi og réttindi:

Þegar maður sér ekki nógu vel eru það réttindi að vera með gleraugu. En þegar það eru sól, sem er ekki oft á Ísland, þá eru það forréttindi að vera með sólgleraugu.

Ef við værum ekki í skóla væri allir fáfræðari.

Segir frá baksíðunni á bók sem lýsir 4 mismunandi stigum fátæktar – frá sárri fátækt yfir í lúxus húsnæði og mat. Ef maður fær ekkert að borða eða drekka þá getum við dáið. Margir fá ekki eins mikið og hinir. Það væri hræðilegt. Margir í stríði missa allt sem þeir eiga. Það er fátt sem við getum gert. Stríð verða af því einhverjir tveir eru ósammála t.d með mismunandi trú og þá fara þeir að rífast að því að þeir skilja ekki hvorn annan.

Þegar maður lærir ekkert og verður stór þá getum við ekki svarað neinum spurningum og höfum minni þekkingu á málefnum.

Mengun:

Nota rafmagnsbíla, rafmagnsflugvélar. Minnka plast, nota minna. Búa til rafmagn með vatni og sólinni. Týna rusl. Nota fjölnota poka. Sérstaka göngutúra með risastórt box úr pappa og týna rusl. Nota meira strætó eða rútur frekar en að allir séu á bíl. Endurnýta er að nota eitthvað sem búið er að nota áður.

Hækkun á sjávarmáli – hvað veldur því?

Rusl í sjónum, jöklarnir bráðna – hlýnun jarðar veldur því. Menga minna svo hitinn hækki ekki of mikið. Plast er eitt af því sem mengar mest í heiminum. Eyðileggur fiska og sjávarlíf. Fiskar borða ruslið og deyja. Endurvinna plastpoka sem við komum með í nesti. Við notum taupoka í staðinn fyrir plastpoka. Bónus er byrjað að endurvinna pokana. Við notum plastflöskur, rör, plastskeiðar. Nota gler eða málmflöskur. Ísbúðir eru með plastskeiðar en Skúbb ísbúðin er með tréskeiðar sem er betra fyrir umhverfið. Tréskeiðin er betri fyrir umhverfið okkar en plastið því það er svo lengi að eyðast.

Ruslið endar samt út í náttúrunni – í stórum haugum á Sorpu! Í Sorpu grafa þeir holu og setja ruslið ofan í og kannski byggja þeir þar ofaná.

Hvernig flokkum við heima?

Mismikið.

Hvað getum við gert?

Taka upp það sem við sjáum á götunni. Hætta að nota mikið plast, reyna að kaupa það sem er ekki í plastpoka og plastboxum.

Mengun kemur líka úr loftslaginu og úr faratækjum t.d skipum og bílum. Ef skip strandar fer mikil olía í sjóinn sem fer illa með sjávarlífið. Flugvélar menga mjög mikið.

Við getum farið oft af eigin afli í skólann.

Hvernig verður mengunin eftir x mörg ár?

Ef það verða rafmagnsbílar verður vonandi minni loftmengun eftir 5 ár. Það mengar að búa til rafmagnsbíla – það mengar að búa til hjól, pappír. Það mengar að búa til allt. Við megum ekki höggva trén því þau búa til súrefnið fyrir okkur.

Viljum við fleiri ruslatunnur í hverfið?

Já, það eru ekki margar. Það er oft búið að skemma litlu tunnur sem eru fastar við ljósastaura þannig að ruslið dettur alltaf í götuna af því að það er enginn botn.

Hvernig getum við minnkað matarsóun í skólanum? Biðja um minna. Það er betra að fá sér lítið og biðja um meira í staðinn fyrir að henda því sem maður getur ekki borðað.

Hreint vatn.

Vatnssóun er td þegar við skiljum kranann eftir í gangi, þá fer vatnið bara beint í vaskinn.

Í mörgum löndum er ekki hægt að fá hreint vatn. Þau þurfa að drekka skítugt og mengað vatn. Við á Íslandi erum mjög heppin að fá hreint vatn. Sumir í Afríku þurfa að búa á ruslahaugunum.

ALLIR ERU EINSTAKIR

Allir eru einstakir dagurinn var haldinn 28. febrúar 2019:

Í tengslum við Réttindaskólaverkefnið var því fagnað 28. febrúar að **allir eru einstakir**. Í því felst viðurkenning á því að engin manneskja er eins og önnur og allir hafi rétt til að vera þeir sjálfir á sinn einstaka hátt.

Þessari staðreynd var fagnað með því að t.d. að vera í ósamstæðum sokkum eða vera í uppáhalds peysunni sinni hvernig sem hún er. Lögð var áhersla á að veita því athygli að við, hvert og eitt, erum frábær eins og við erum.

ÁSKORUN DAGSINS

- Mánudagur: Vera hjálpsöm
- Þriðjudagur: Vera jákvæð
- Miðvikudagur: Gera sitt besta
- Fimmtudagur: Vera virk og leyfa öðrum að vera með
- Föstudagur: Hrósa

AÐ LIFA Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ SJÁLFAN SIG OG NÁTTÚRUNA

Dagana 20.-24. maí voru sameinuð verkefni um Réttindaskóla, Grænfána- og Heilsueflandi skóla.

Þessa daga voru tvö þemu sem hver árgangur vann eftir en þau eru:

Lífbreiðileikinn og Að lifa í sátt og samlyndi við sjálfan sig og náttúruna.

Hér fyrir neðan eru fyrstu drög sem kennarar höfðu í huga þegar vordagar voru skipulagðir.

Í þemanu **Lífbreiðileiki** voru fjórir áhersluþættir sem hver árgangur gat beint sjónum sínum að. Ekki þurfti að velja alla þætti einungis þá sem voru í takt við hæfniviðmið hvers árgangs í náttúrufræði. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að nýta vel grenndarsamfélagið og svo skólaset Laugarnesskóla Katlagil.

Þættirnir voru:

- Fjaran og hafið
- Fuglar
- Smádýr
- Plöntur

Seinna þemað er **Að lifa í sátt við sjálfan sig og náttúruna**. Til að gefa kennurum hugmyndir að úrvinnslu þá var stungið upp á að:

- Vera með núvitund úti til að styrkja heilbrigði
- Samskiptaæfingar/vinæfingar. Vinabekkir gætu unnið verkefni saman til að styrkja félagsfærni
- Færa kennsluna í sem flestum fögum út þessa daga til að styrkja sköpun og heilbrigði
- Hópefli/leikir sem reyna á samvinnu og félagsfærni
- Ræða um frið og vinna með hugtakið til að styrkja félagsfærni
- Ég get! Að finna ofurhetjur í daglegu lífi til að styrkja sjálfsmynd
- Skipuleggja verkefni til að vinna með vaxandi hugarfar og seiglu til að styrkja sjálfsefningu

Greinar 12, 2. og 30 í Barnasáttmálanum voru rauði þráðurinn hér. Líka nokkrar greinar í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að huga að hæfniviðmiðum í samfélagsfræði.

Undirbúningur

Kennarateymi ræða um hvað áherslur þeir vilja vera með.

Ræða síðan við nemendur um hvernig þeir vilja vinna verkefnið og gefa þeim tækifæri að hafa áhrif á nám sitt. Hugsa að því að skil verði fjölbreytt

Fræðsla, hugmyndabanki

<https://graefaninn.landvernd.is/Verkefnakista/thema/8>

<http://www.un.is/wp-content/uploads/2018/07/Kennslustund-Ma%CC%81ttur-fri%C3%B0ar.pdf>

<http://www.un.is/wp-content/uploads/2018/07/Kennslustund-Ho%CC%88nnun-til-breytinga-fin.pdf>

<https://graefaninn.landvernd.is/Verkefnakista/thema/6>

<https://www.fridarsetur.is/is/we-believe/articles/>

ÁRANGUR VERKEFNISINS

Eins og áður er getið hefur Laugarnesskóli nú í tvö ár unnið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hefur markmiðið verið að gera sáttmálann að grundvallarplaggi alls skólstarfsins. Þetta er stórt og krefjandi verkefni sem stjórnendur skólans hafa haft óbilandi trú á að myndi skila sér í betri líðan nemenda og starfsfólks og leiða til bættis skólabrags.



Í Laugarnesskóla hefur verið virkt nemendalýðræði um árávís og hafa stjórnendur skólans hlustað grannt eftir skoðunum nemenda þótt ungir séu. Lögð hefur verið áhersla á að leita eftir skoðunum nemenda og þeir hafa haft greiðan aðgang að stjórnendum alla daga. Í nemendakönnun Hugmyndaráðs, sem er nemendafélag skólans, þetta árið kemur fram ánægja nemenda með að vera Réttindaskóli UNICEF og að nemendur eru ánægðir með að þekkja réttindi sín og þar með annarra. Nefna nemendur vinabekki, vinaliða og að allar raddir fá að heyrast á þekktum fundum.

Könnun skólupúlans sýnir að einelti á skólaárinu hefur minnkað og kemur fram í svörum nemenda að þeim líður almennt mjög vel í skólanum. Vert er að láta skemmtilegt svar eins nemenda fylgja hér með til gamans:

Það sem mér finnst gott við Laugarnesskóla er að það eru nemendaráð stór skólalóð með fullt af flottum tækjum, aðstoða fyrir fatlaða, heyrnalaus og blinda, fjölbreytt verkefni, flokkun, fullt af ferðum, réttindaskóli, bókasafn sem er vel skipulagt, vinaliðaleikir, allskonar skrátnir viðburðir eins og til dæmis : hattadagur, öfugfatadagur, og svo framvegis, smellir og smellaverðlaun, allskonar listasmiðjur, íþróttir og sund.



Þess sjást einnig greinileg merki meðal starfsfólks að þessi vinna hefur skilað skólanum verulegum ávinningi. Svo dæmi sé tekið skartar skólinn nú merkinu Fyrirmyndarstofnun 2019. Laugarnesskóli fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun 2019 í flokknum stærri stofnanir sem hafa fimmtíu eða fleiri starfsmenn. Valið fer fram með skoðanakönnun stéttarfélagsins meðal starfsmanna stofnananna og varð Laugarnesskóli í fjórða sæti allra þeirra stofnana sem hafa félagsmenn Sameykis í starfi. Í framhaldinu fékk skólinn leyfi til að nota merki Sameykis um fyrirmyndastofnanir.

Ágreiningur getur komið upp á meðal barna, allt frá því að þau hefja skólagöngu sína og þar til henni er lokið. Þess vegna þurfa að vera til staðar viðmið sem hjálpa börnum að leysa ágreiningsefni sín. Til dæmis bera starfsmenn sérstaka ábyrgð á að hjálpa börnum við lausn ágreinings og við það hafa starfsmenn forsendur Barnasáttmálans í huga. Allir fullorðnir innan skólans nota sömu aðferð við að leysa ágreining til að tryggja að öll börn mæti sömu framkomu sama hvar þau eru. Þetta getur styrkt færni barna til að leysa ágreining sjálf.

Verkfæri til að leysa úr ágreiningsmálum má sjá hér að neðan. Um er að ræða röð spurninga sem aðstoða hinn fullorðna við að komast til botns í máli á hlutlausan hátt, án þess að gefa sér forsendur fyrirfram.

- Hvað gerðist?
- Hverjir eiga hlut að máli?
- Þekkir þú réttindi allra í skólanum?
- Fóruð þið eftir bekkjarsáttmálanum um fyrirmyndarnemanda í Laugarnesskóla?

- Hvað finnst þér?
- Hvað vilt þú að verði gert?
- Hvað er mögulegt að gera?
- Hvenær hittumst við aftur?

Stjórnendur sjá þess merki að minna er um árekstra á milli nemenda en áður og einfaldara er yfirleitt að leysa þau mál sem koma upp. Nemendur eru vakandi fyrir því sem þeim finnst betur mega fara og nýta sér það að koma til stjórnenda til þess að ræða það sem þeim liggur á hjarta og vita að tekið er tillit til skoðana þeirra. Almennt má segja að verkefnið hefur haft mjög jákvæð áhrif á skólabraginn.

Dagsetning 20. sept. 2019


María Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri


Sigríður Heiða Bragadóttir
Skólastjóri Laugarnesskóla